

10. gr.

Stjórn félagsins ræður málefnum félagsins milli aðalfunda.

Hún tekur nánari ákvarðanir um starfsemi félagsins og ber ábyrgð á fjárreiðum þess og skuldbindur félagið gagnvart öðrum aðilum og er undirskrift formanns og gjaldkera nægileg til þess.

Til meiriháttar ákvarðanatöku, svo sem kaupa eða sölu fasteigna, skal þó ávallt boðað til félagsfundar og skal til hans boðað á sama hátt og til aðalfundar og ræður afl atkvæða úrslitum á slíkum fundi.

Skylt er að boða til félagsfundar að kröfu stjórnar Íslensku óperunnar.

11. gr.

Formaður boðar til stjórnarfunda. Honum er skylt að halda stjórnarfund, er a.m.k. tveir stjórnarmenn krefjast þess. Stjórnarfundur er ályktunarfær ef formaður og tveir stjórnarmenn eða varastjórnarmenn sækja fundinn, hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Gerðir stjórnarinnar skulu bókfærðar.

12. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

13. gr.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað þeirrar sem samþykkt var á stofnfundi Styrktarfélags Íslensku óperunnar hinn 3. október 1980 og breytt var á aðalfundum Styrktarfélagsins 1985 og 1987.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. febrúar 1989.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

Nr. 97

REGLUGERÐ

3. mars 1989

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, skulu hækka frá 1. mars 1989 að telja um 1,25% frá því, sem þær eru hinn 28. febrúar 1989.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. mars 1989.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.